

FRAMLEIÐSLA Á 3.000 TONNUM AF LAXI Í SJÓKVÍUM Í ARNARFIRÐI Á VEGUM ARNARLAX EHF.

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð 3.000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum Arnarlax ehf. í Arnarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif af fyrirhuguðu fiskeldi Arnarlax ehf. á umhverfi Arnarfjarðar felist í auknu framboði næringarefna og áhrifum þess á vistkerfi fjarðarins. Áhrifin munu fyrst og fremst verða á vistkerfi sjávarbotnsins, sem verði staðbundin og afturkræf.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Fyrirhugað eldissvæði verður utan netlaga og skipulag framkvæmdasvæðisins er því ekki fyrir hendi. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina eru bundin ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun vekur einni athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Arnarlax ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæða, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Arnarlax ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2011.

20. apríl 2011

INNGANGUR

Þann 20. apríl 2010 barst Skipulagsstofnun tilkynning um fyrirhugaða 3.000 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum á vegum Arnarlax ehf. í Arnarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og tölulið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Þann 10. maí 2010 barst Skipulagsstofnun beiðni frá Arnarlaxi ehf. um að stofnunin frestaði ákvörðun um matsskyldu þar til félagið legði fram frekari gögn. Ný gögn bárust Skipulagsstofnun 27. janúar 2011 og voru send til umsagnar Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Fyrir lá að auk Arnarlax ehf. hyggur Fjarðalax ehf. á fiskeldi í Arnarfirði og mál félaganna voru til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun á sama tíma. Einnig lá fyrir að Hafrannsóknastofnunin veitti Fjarðalaxi ráðgjöf og gerði fyrir félagið mælingar á nokkrum þáttum haffræði Arnarfjarðar, en stofnunin hafði ekki sambærilega aðkomu að máli Arnarlax. Þann 18. febrúar 2011 barst Skipulagsstofnun erindi frá Hafrannsóknastofnuninni sem óskaði eftir að Skipulagsstofnun tæki afstöðu til hæfis Hafrannsóknastofnunarinnar sem umsagnaraðili varðandi matsskyldu umræddra framkvæmda. Skipulagsstofnun taldi möguleika á því að hæfi Hafrannsóknastofnunarinnar til að gefa hlutlausu umsögn yrði dregið í efa og aðkoma stofnunarinnar sem umsagnaraðila yrði túlkuð sem annmarki á meðferð málanna og þar með mætti ógilda ákvarðanir Skipulagsstofnunar sem byggðu á þeim. Því ákvað Skipulagsstofnun að leita til óháðs aðila í stað Hafrannsóknastofnunarinnar og fá hann til að gefa umsögn um hugsanleg umhverfisáhrif fiskeldis áður nefndra fyrirtækja í Arnarfirði og meta hvort eldi annars eða beggja skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Leitaði Skipulagsstofnun til Erlu Bjarkar Örnólfsdóttur, forstöðumanns Varar - Sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfum dags. 14. maí 2010 og 8. mars 2011, Vesturbyggð með bréfi dags. 4. maí 2010 og 1. mars 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 28. apríl 2010, Fornleifavernd ríkisins dags. 4. maí 2010, Matvælastofnun með bréfi dags. 4. maí 2010, Siglingastofnun með bréfi dags. 24. febrúar 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. mars 2011 og Erlu Björk Örnólfsdóttur með bréfi dags. 18. mars 2011. Svör framkvæmdaraðila við umsögnum bárust með bréfum móttæknum 17. mars, 6. apríl og 18. apríl 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í tilkynningu Arnarlax ehf. kemur fram að fyrirtækið vinni að því að fá leyfi til 3.000 tonna laxeldis á þremur svæðum í Arnarfirði. Langtímamarkmið verkefnisins sé að byggja upp samþætta starfsemi, þar sem hráefni sem lax framleiddur í firðinum fari til

slátrunar og vinnslu á Bíldudal. Jafnframt verði seiði framleidd í eldisstöð í Tálknafirði.

Fram kemur að starfsemin sé fyrirhuguð í Arnarfirði sem sé dæmigerður þröskuldsfjörður. Fyrir mynni fjarðarins sé sjávardýpi um 40 metrar en skammt þar fyrir innan sé meira en 100 metra dýpi. Fjörðurinn sé víðast um 90 til 100 metra djúpur, en 20 til 40 metra háir hryggir liggi þvert yfir fjörðinn á fjórum stöðum. Staðsetning fyrirhugaðs eldis hafi verið valin með hliðsjón af upplýsingum um umhverfisaðstæður í firðinum og verði starfsemin á eftirtöldum stöðum: í Fossfirði, út af Haganesi við Bíldudal og á svæði út af Bauluhúsadal á Hlaðsbót. Öll svæðin séu innan þröskulds Arnarfjarðar.

Fram kemur að áður en starfsemin verði komin í fullan gang verði ráðist í tilraunaeldi og frekari umhverfisrannsóknir. Eldið hæfist með því að flutt verði 500.000 seiði í sjókvíar með brunnbáti (fyrstu kynslóð), en önnur og þriðja kynslóð verði 750.000 seiði hvort árið. Notuður verði eldisstofn frá Stofnfiski hf., en seiðaeldi verði í eldisstöð í Tálknafirði. Öll seiði verði bólusettt fyrir helstu fisksjúkdómum. Til eldisins verði á hverju ári notuð 3.600 tonn af fóðri sem að jafnaði innihaldi 39% prótein og 0,9 % fosfór. Miðað við 3.000 tonna framleiðslu á ári sé gert ráð fyrir um 600 tonnum af saur og fódurleifum, 135 tonnum af köfnunarefni og 30 tonnum af fosfór.

Fram kemur að engar upplýsingar séu til um vöxt á laxi í Arnarfirði, en vonast sé til að tilraunareldi gefi fullnægjandi forsendur fyrir vaxtarútreikninga. Áætlað sé að 80-150 g laxaseiði sem fari í sjókvíar að vori nái mest 5 kg sláturþyngd eftir u.þ.b. 18 mánuði í eldi. Hægvaxta fiskar fari seinna í slátrun, en henni ljúki 24-28 mánuðum eftir að seiðin fóru fyrst í sjókvíar. Þegar eldið verði komið á fullt verði mesti lífmassi í firðinum í ágúst, rúmlega 3.000 tonn. Gert sé ráð fyrir að þéttleiki í kvíum verði mest 15-20 kg/m³.

Fram kemur að framleiðsla fisksins verði byggð upp á kynslóðaskiptu módeli og hver árgangur af seiðum settur að stærstum hluta út um vorið. Þegar reksturinn verði kominn í fullan gang verði eldisfiskur á tveimur svæðum í Arnarfirði en það þriðja verði í hvíld. Eldissvæði fái því a.m.k. hálf árs fullan hvíldartíma þriðja hvert ár og minna álag sé á svæðin u.þ.b. sex mánuði fyrir og eftir fulla hvíld vegna lítills lífmassa af laxi í kvíunum. Þegar fiskurinn hafi náð markaðsstærð verði hann fluttur lifandi í brunnbát til Bíldudals þar sem slátrun og vinnsla fari fram. Miðað við 3.000 tonna framleiðslu megi gera ráð fyrir að í hverri viku verði flutt um 60 tonn af laxi frá sjókvíeldinu yfir í sláturhús á Bíldudal. Fram kemur að afföll séu mjög breytileg á milli fiskeldisstöðva og ára, en daglega, þegar því verði komið við verði dauður fiskur losaður úr dauðfiskaháfi. Gert sé ráð fyrir að allur nýdauður fiskur verði malaður og settur í dýrafóður. Skemmt hráefni eða sýktur fiskur fari á viðurkennt urðunarsvæði.

Áhrif á núverandi landnotkun

Bent er á að skipulagsvald sveitarfélaga á Íslandi sé innan netlaga, þ.e. innan 115 metra frá landi miðað við stórstraumsfjöru og að fyrirhugað laxeldi Arnarlax sé utan þeirra. Því falli starfsemin ekki undir skipulags- og byggingarlög (nr.73/1997) [Skipulagslög nr. 123/2010].

Þá er greint frá að laxeldi í sjókvíum þurfi að vera í ákveðinni fjarlægð frá laxveiðiám skv. reglugerð nr.105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Þar sé miðað við laxveiðiá með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár, en engin á í Arnafirði nái því viðmiði. Arnarfjörður falli utan þess svæðis þar sem óheimilt er að vera með eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum skv. auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði.

Fram kemur að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi gefið starfsleyfi fyrir laxeldi til tveggja fyrirtækja sem hafi hug á að stunda laxeldi í Arnafirði með sjö staðsetningar. Hvorugt þessara fyrirtækja hafi hafið rekstur. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi einnig gefið hnit til þorskeldis í Fossfirði. Erfitt verði að samræma þessa starfsemi komi til umfangsmikils eldis allra þessara aðila. Þá kemur fram að veitt hafa verið starfsleyfi fyrir kræklingarækt á tveimur svæðum: við Haganes og í nágrenni við fyrirhugaða starfsemi Arnarlax í Fossfirði. Einnig sé fyrirtæki með tilraunarækt á beltispara og hafi leyfi fyrir 6 staðsetningar í Fossfirði og við Haganes.

Fram kemur að í Arnafirði sé unnið kalkþörungaset, sem dælt sé upp úr firðinum á fjórum efnistökusvæðum. Ekki sé talið að grugg frá dælingu hafi áhrif á fiskeldi í firðinum. Komi í ljós að dæling í nágrenni við sjókvíaeldi hafi áhrif á fiskinn verði auðvelt að færa til eldið í takt við dælingu á kalkþörungum í framtíðinni.

Fram kemur að frá Bíldudal hafi verið gerðir út bátar sem stundi rækjuveiðar á veturna og einnig séu stundaðar aðrar veiðar eins og á handfæri og línu í firðinum.

Áhrif á umhverfið

Í tilkynningunni kemur fram að við flokkunarmat á burðarþoli Arnarfjarðar sé stuðt við hið norska LENKA viðtakamat. Í Noregi sé viðtakamatið mismunandi eftir landshlutum og í tilfelli Arnarlax ehf. sé miðað við LENKA viðtakamat fyrir Norður-Noreg þar sem aðstæður séu einna líkastar því sem er hér við land. Hafsvæðum sé skipt í mismunandi viðtakaflokka A, B og C, sem geti borið mismikla framleiðslu. Samkvæmt líkaninu flokkist Arnarfjörður í viðtakaflokka B, sem feli í sér að hann beri 45 tonna framleiðsla/km².

Fram kemur að í Borgarfirði þar sem dýpi sé meira en 50 metrar sé flatarmál fjarðarins innan við Tjaldanes og Langanes u.þ.b. 35 km² og framleiðslugetan því um 1.600 tonn (35 km² x 45 tonn/km²). Samsvarandi áætlun fyrir Suðurfirði, innan við Bíldudalsvog og Langanes gefi u.þ.b. 40 km² og framleiðslugetan um 1.800 tonn. Samanlagt sé framleiðslugeta í Borgarfirði og Suðurfjörðunum um 3.500 tonn. Bent er á að LENKA viðtakamatið gengi út frá forsendum sem giltu fyrir um 20 árum síðan (fóðurstuðli 1,5 og 500 kg af úrgangsefnum [saur og fóðurleifar] fyrir hvert framleitt tonn), en í norsku laxeldi nú falli til 200 kg af úrgangsefnum fyrir hvert framleitt tonn og fóðurstuðull sé að meðaltali 1,2.

Í gögnum Arnarlax ehf. kemur fram að þó Arnarfjörður sé djúpur og straumhraði þar að jafnaði rúmir 3 cm/sek, sem dreifi úrgangi yfir tiltölulega stórt svæði á hafsbotni, séu líkur á staðbundnum áhrifum á botndýralíf undir kvíum vegna uppsöfnunar lífrænna leifa. Þau verði ekki mikil og með því að hvíla eldissvæði verði áhrifin jafnframt afturkræf. Vísað er til rannsókna í Mjóafirði sem sýni að ekki verði mikil

uppsöfnun lífrænna leifa undir og við kvíar og hafsbötn hreinsist á tiltölulega skömmum tíma.

Fram kemur að ár í Arnarfirði séu aðallega silungsár en þar sé einnig lax í einstaka á. Fjarðarhornsa í Kollafirði á Barðaströnd sé fyrsta laxveiðiá sunnan Arnarfjarðar, en þangað sé sjóleið um 185 km. Rúmir 200 km séu til stærstu laxveiðiánnna í innanverðum Breiðafirði. Þá sé Laugardalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi í um 120 km sjóleið frá Bíldudal.

Fram kemur að bæði fiskstærð og tímasetning slysasleppinga geti haft áhrif á atferli fisks sem sleppi úr kvíum í sjó. Í gögnum er greint frá niðurstöðum rannsókna á atferli laxaseiða og fullorðinna laxa sem sleppt er í sjó. Byggt á þeim gögnum og miðað við að Arnarfjörður sé stór, telur Arnarlax ehf. að góða möguleika á að hægt verði að veiða fisk sem sleppi úr kvíum áður en hann leiti til hafs. Sleppi eldislax út úr Arnarfirði megi gera ráð fyrir því að hann syndi með straumi norður með Vestfjörðum. Þó sé ekki hægt að útiloka að stærri lax syndi suður með Vestfjörðum og leiti í ár í Breiðafirði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Vesturbyggð, Fornleifavernd ríkisins, Matvælastofnun og Siglingastofnun telja að sjókvíaeldi í Arnarfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Ísafjarðabæjar kemur fram að á meðan að nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð liggja ekki fyrir og þar sem fjörðurinn sé viðkvæmt og óskipulagt svæði, sé þörf á mati á umhverfisáhrifum. Fiskistofa lýsir þeirri skoðun sinni að umrætt fiskeldi líkt og annað stórfellt kvíaeldi á laxi á Vestfjarðarsvæðinu eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og telur að meta þurfi samlegðaráhættu frá slíku eldi á laxastofna á nærliggjandi svæðum.

Umhverfisstofnun telur að 3.000 tonna framleiðsla á laxi í Arnarfirði komi til með að skapa töluvert álag á vistkerfi fjarðarins auk þess sem mikil óvissa ríki um aðra fyrirhugaða starfsemi í firðinum. Líkur séu á því að framkvæmdin kunnist valda umtalsverðum umhverfisáhrifum samkvæmt 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) sé miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Í aðferðum um staðarval segi einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldsfjörðum sem hindri vatnsskipti, eða á svæðum með litlum straumi.

Í svörum Arnarlax ehf. er vísað til álits sérfræðinga fyrirtækisins í Noregi sem meta straumskilyrðin á þessum stöðum sem viðunandi en þó ekki eins og best væri á kosið. Í Noregi sé fjöldi fjarða sambærilegir við Arnarfjörð.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekkert viðurkennt urðunarsvæði sé í dag í Vesturbyggð. Enginn förgunarstaður sé á Ísafirði og á Bolungarvík sé aðeins urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang og þar megi því ekki urða fisk. Því telji stofnunin ekki ljóst hvernig unnt verði að farga skemmdu hráefni eða sýktum fiski.

Arnarlax svarar því til að förgun á úrgangi verði leyst samkvæmt lögum og reglum um meðferð úrgangs.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að gera þurfi grein fyrir hvaða aðferð verði notuð til að verjast ásætum á eldiskvíum, af hverju tiltekin aðferð sé notuð fram yfir aðrar og gera þurfi grein fyrir hugsanlegum áhrifum á umhverfið.

Arnarlax ehf. svarar því til að eldisnætur þurfi að þvo og baða einu sinni eða tvisvar á ári eða eftir þörfum og ekki verði notast við nein efni við þvottinn. Í byrjun verði óhreinar nætur teknar á land og háþrýstipvegnað með hreinu vatni eða sjó og þær síðan þurrkaðar.

Umhverfisstofnun telur að Borgarfjörður og Suðurfirðir séu tvö aðskilin svæði sem afmarkist af stórum þröskuldum og því sé ekki forsendur fyrir því að leggja saman framleiðslugetu svæðanna. Umhverfisstofnun telji því svæði innan við Bíldudalsvog að Langanesi sem eitt þynningarsvæði og annað í Borgarfirði, innan við Tjaldanes og Langanes. Í þessu sambandi bendir Umhverfisstofnun á að þegar eldi verði komið í fullan gang áformi Arnarlax ehf. að ala fisk á tveimur stöðum í firðinum en áætluð framleiðslugeta svæðisins innan við Bíldudalsvog sé einungis um 1800 tonn. Umhverfisstofnun telur óhjákvæmilegt annað en að uppsöfnun lífræns efnis verði í botnseti vegna fiskeldis. Afleiðingar lífrænnar mengunar frá fiskeldum hafi mest staðbundin áhrif en samlegðaráhrif mengunarinnar geti orðið vart í fjörðum þar sem eru fleiri en eitt fiskeldi, að viðbættu frárennsli frá bæjarfélögum og mengun frá annarri starfssemi. Telur stofnunin mikilvægt að fylgst verði með botni undir kvíum með til að mæla uppsöfnun og dreifingu mengandi efna frá eldinu. Þá telur Umhverfisstofnun að ekki sé hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að mörgum starfsleyfum hafi verið úthlutað nú þegar innan þessa tiltekna svæðis í Arnarfirði og að aðrir aðilar en Arnarlax ehf. hafi áætlanir um sjókvíaeldi á svipuðum slóðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horfa til sammögnunaráhrifa allrar núverandi og fyrirhugaðrar starfsemi á svæðinu þegar meta eigi möguleg umhverfisáhrif starfseminnar. Umhverfisstofnun telur ljóst að 3.000 tonna framleiðsla innan við þröskuldinn á milli Bíldudalsvogs og Langaness fari yfir burðargetu svæðisins og telur stofnunin að innan þess svæðis eigi ekki að framleiða meira en burðargeta svæðisins segi til um. Stofnunin telur einnig nauðsyn á heildstæðri úttekt á álagi fjarðarins, enda sækist margir eftir nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem þar er að finna. Tryggja þurfi að ekki verði farið yfir þau mörk sem tiltekin svæða innan fjarðarins geta borið. Þá minnir Umhverfisstofnun á að Ísland hafi skuldbundið sig til að hafa hugmyndafræði sjálfbærar þróunar að leiðarljósi.

Arnarlax svarar því til að þó stefnt sé að leyfi fyrir 3.000 tonna framleiðslu verði byrjað á tilraunaeldi og frekari rannsóknir verði gerðar á umhverfi og burðarþoli Arnarfjarðar. Sérfræðingar í Noregi hafi verið fengnir til að meta gögn um Arnarfjörð út frá þekkingu þeirra um sambærilegar umhverfisaðstæður í norskum fjörðum. Þeir telji svæðið nægilega stórt til að bera 3.000 tonna árlega framleiðslu á laxi með þeim fyrirvara að kynslóðaskiptum sé hagað eins og áætlun Arnarlax ehf. geri ráð fyrir. Einnig séu viðunandi straumskilyrði á svæðunum, þó þau séu ekki eins og best verði á kosið. Þess vegna sé tilraunaeldi nauðsynlegt í Arnarfirði til þess að safna áreiðanlegum upplýsingum áður en frekari ákvarðanir séu teknar.

Í umsögn Erlu Bjarkar Örnólfsdóttur er óskað eftir frekari upplýsingum varðandi ýmsa þætti s.s. að Arnarlax ehf. skilgreini umfang og áhrif ákomu næringarefna á lífríki svæðisins.

Í svari Arnarlax ehf. kemur fram að fyrirtækið muni halda sig við þær reglugerðir sem fyrir eru t.d. að minnst 2 km séu á milli fiskeldisstöðva. Ítrekað er að fyrirtækið muni fara í frekari rannsóknir í samstarfi við norska og íslenska sérfræðinga.

Umhverfisstofnun telur vanta nánari upplýsingar um lífríki Arnarfjarðar t.d. hvort að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu hrygningar- eða uppeldisstöð annarra fiskitegunda eða rækju.

Í svörum Arnarlax kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnunni sé Arnarfjörður þekktur sem uppeldisstöð fyrir bolfisk (t.d. þorsk og ýsu), en þar hrygni fiskur ekki. Staðbundinn rækja sé eina tegundin sem vitað sé til að hrygni í Arnarfirði. Undanfarin ár hafi rækjan haldið sig að mestu í Borgarfirði og líklegast að hún hrygni þar. Fram kemur að Arnarlax ehf. muni ekki staðsetja eldiskvíar í Borgarfirði.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð sé ekki fjallað um kadmíummengun í Arnarfirði, en þekkt sé að styrkur þungmálsins í kræklingasýnum þaðan hafi mælst yfir hámarksgildum. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fram komi upplýsingar um hugsanlega uppsöfnun þungmálsins í eldislaxi sem fyrirhugað er að framleiða á svæðinu.

Arnarlax ehf. svarar því til að samkvæmt upplýsingum frá Matís hafi kadmíum ekki verið mælt í fiski eða rækju úr Arnarfirði. Bent er á að kræklingur sé sérstaklega viðkvæmur fyrir mengun.

Í umsögn Erlu Bjarkar Örnólfsdóttur er spurt hvert sé áætlað áhrifasvæði laxeldisins í Fossfirði, við Haganes og Baulhúsadal. Einnig er spurt hversu langan tíma muni taka að brjóta niður allt lífrænt efni sem árlega muni setjast til botns á áhrifasvæði laxeldisins, hver áætluð þykkt og umfang setsins verði og hver séu áhrif endurtekens eldis á sama stað. Einnig hvort líkur séu á því að samlegðaráhrif vegna niðurbrots lífræns efnis leiði til þess að áhrifasvæði eldisins stækki með árunum.

Í svari Arnarlax ehf. er bent á að samkvæmt rannsóknum Náttúrustofu Vestfjarða dreifist lífrænn úrgangur lítið undir sjókvíum og uppsöfnun úrgangs sé helst eftir megin straumstefnu. Því megi búast við að uppsöfnun verði vel afmörkuð. Með því að færa kvíar um 100-300 m innan hvers fiskeldissvæðis megi dreifa álaginu og hver staðsetning fengi hvíld í eitt ár eða lengur og hvert fiskeldissvæði um 6 mánaða hvíld. Með vöktun á botndýralífi innan svæðisins og á viðmiðunarsvæði væri síðan hægt að skoða árangurinn hvíldinni. Þá kemur fram að ekki sé hægt að svara spurningum um niðurbrotstíma, en því megi svara með tíðri vöktun eftir að eldið hefst, t.d. með athugunum á botndýralífi eða lífrænni söfnun með setgildrum. Bent er á að vöktun sé skilyrt í starfsleyfum frá Umhverfisstofnun.

Í umsögn Erlu Bjarkar kemur fram að áhrif laxeldis í Arnarfirði á lífríki fjarðarins verði helst á lífríki á botni undir eldiskvíunum. Lífríki muni eiga undir högg að sækja og hugsanlega skapist dauð svæði undir kvíunum og líkur á sýkingum í villtum laxi aukist. Byggt á upplýsingum um hafstrauma og lífsferil laxalúsar vakni sú spurning hverjar séu líkur þess að laxalús berist milli laxeldissvæða, þá sérstaklega frá innri hluta fjarðarins til þeirra ytri, og hvort að svæðisbundin hvíld nái tilsettum árangri?

Arnarlax ehf. svarar því til að ef hvíld eldissvæða sé vel skipulögð þurfi ekki að myndast dauð svæði undir eða við kvíar. Fiskeldið muni hafa áhrif á botndýralíf en það sé ekki hagur fyrir eldið að svæði undir kvíum verði dauð því þá muni þurfa að margfalda þann tíma sem hvíla þarf eldissvæði. Aðstæður í sjó við Ísland séu ekki eins og best verður á kosið fyrir laxalús og litlar líkur séu á því að lúsin berist með villtum laxi í Arnarfirði. Fjarlægð milli eldisstöðva verði samkvæmt lögum og reglum og ef þörf verði á því að nota lyf vegna lúsar verði þar að lútandi lögum og reglum fylgt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða fyrirhugaða 3.000 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum á vegum Arnarlax ehf. á þremur stöðum í Arnarfirði, í Fossafirði, út af Haganesi við Bíldudal og á svæði út af Baulhúsadal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulíð 1g í lið 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Arnarlax ehf. hefur sótt um starfsleyfi fyrir 3.000 tonnum, en fyrst í stað er ætlunin að hefja tilrauneldi til að sannreyna aðstæður og afla sem besta upplýsinga um vöxt laxins í Arnarfirði. Þegar starfsemin verður kominn í fullan rekstur áætla Arnarlax ehf. að byggja framleiðsluna upp á kynslóðaskiptu módeli og samkvæmt því verður á ákveðnum tímabilum um 3.000 tonna lífmassi í firðinum, sem dreifist á svæðin þrjú. Hverju sinni verður eitt svæðanna í hvíld, þ.e. verður án fiskjar í a.m.k. 6 mánuði.

Hlutverk Skipulagsstofnunar í þessu máli er að taka ákvörðun um hvort fyrirhugað fiskeldi Arnarlax ehf. í Arnarfirði kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Við slíka ákvörðun ber Skipulagsstofnun m.a. að hafa til viðmiðunar atriði sem tilgreind eru í 3. viðauka laganna. Þar er m.a. tilgreint að skoða beri eðli framkvæmdar, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Skipulagsstofnun telur að í umræddu máli beri helst að taka mið af eðli fyrirhugaðs eldis, t.d. mögulegum sammögnunarhrifum með öðrum framkvæmdum í Arnarfirði, úrgangsmýndun og mengun vegna eldisins og nýtingu náttúruauðlinda í firðinum. Við þá skoðun ber að taka mið af umfangi og fjölbreytileika umhverfisáhrifanna, líkunum á því að þau komi fram, hve lengi áhrifin vari og hversu afturkræf þau verði. Hins vegar er ljóst að staðsetning fiskeldisins verður ekki á svæði sem nýtur verndar af neinu tagi, né mun það hafa áhrif á lífverur á válistum.

Hryggir á botni fjarða (þröskuldar) takmarka vatnsskipti þröskuldsfjarða, einkum endurnýjun sjávar næst botni innan við þröskuld. Þröskuldsfirðir hafa því að jafnaði minni burðargetu en firðir af sambærilegri stærð sem hafa óhindruð vatnsskipti (án þröskulda). Fremst í Arnarfirði er dýpi einungis um 40 m, en innar er dýpi fjarðarins víða 90-100 m, einnig í innfjörðum Arnarfjarðar; Borgarfirði og Suðurfjörðum. Á botni Arnarfjarðar liggur hryggur þvert yfir fjörðinn á tveimur stöðum, annar rétt innan við Baulhús yfir að Hvestudal og hinn í mynni Borgarfjarðar frá Baulhúsum að Langanesi. Dýpi á hryggjunum er 75-90 m, en 100-110 m beggja megin þeirra. Einnig eru hryggir á hafsbotni innarlega í Borgarfirði. Arnarfjörður er af þessum sökum dæmigerður þröskuldsfjörður og hefur því minni burðargetu en ella.

Svokallað LENKA viðtakamat er aðferð til að meta gróflega burðarþol hafsvæða, þ.e. getu þeirra til að brjóta niður lífræn efni og dreifa næringarsöltum áður en tekur að gæta neikvæðra áhrifa á umhverfið vegna auðgunar næringarefna. Samkvæmt þessari aðferð flokkast Arnarfjörður sem stór þröskuldsfjörður (B3: fjörður lengri en 10 km og þröskuldsdýpi minna en 50 m) með burðarþol upp á 45 tonn/km² (miðað við vísitölur fyrir Norður-Noreg, þar sem umhverfisaðstæður eru taldar vera svipaðar og hér við land). Arnarlax ehf. telur að miðað við flatarmál Arnarfjarðar, innan við Lokinhamradal og Selárdal og þar sem dýpi er meira en 50 m, geti Arnarfjörður borið tæplega 7.000 tonna fiskeldi og Borgarfjörður og Suðurfirðir að minnsta kosti 3.500 tonna eldi.

Umhverfisstofnun bendir á að Borgarfjörður og Suðurfirðir afmarkist af stórum þröskuldum og því telur stofnunin ekki vera forsendur fyrir því að leggja saman framleiðslugetu Borgarfjarðar og Suðurfjarða og um sé að ræða tvö aðskilin þynningarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að Arnarfjörður er um 40 m djúpur í mynni fjarðarins en aðrir þröskuldar í firðinum eru á að minnsta kosti um 75 m dýpi. Samkvæmt LENKA telst Arnarfjörðu vera ein heild, en ekki nokkrir afmarkaðir firðir, þar sem þröskuldar innar í firðinum eru allir dýpra en ysti þröskuldurinn (í mynni fjarðarins). Því telur Skipulagsstofnun að Arnarlax ehf. geti lagt saman burðargetu Borgarfjarðar og Suðurfjarða og um sé að ræða eitt þynningarsvæði og geti skv. LENKA borið um 3.500 tonn.

Niðurstöður mælinga á vegum Arnarlax ehf. gefa til kynna að í ágúst sé sjór í Arnarfirði lagskiptur og súrefnismettun sjávar nokkuð lág við botn (65-72%) en í janúar sé sjór ólagskiptur og sjór frá yfirborði til botns með um 85% súrefnismettun. Á tímabilinu desember til janúar reyndist straumur við Baulhús (10 m dýpi) vera oftast meiri en 5 cm/s (sbr. í 30% tilfella var tíðni straums 0-5 cm/s). Niðurstöður straummælinga, sem gerðar voru sumarið 2001, benda til þess að á 60 m dýpi sunnan við Langanes geti 10 mínútna meðalstraumur verið mestur um 27 cm/s þó meðalstraumur hafi verið 3,3 cm/s yfir tveggja mánaða tímabil. Loks benda niðurstöður straummælinga frá 2001 til þess að á aðfalli geti straumur neðan við 45 m dýpi í Fossfirði verið 4-7 cm/s allt til botns.

Fyrirhuguðu fiskeldi Arnarlax ehf. mun fylgja aukið álag á vistkerfi Arnarfjarðar, einkum staðbundið álag á hafsbotni á þeim svæðum þar sem eldið fer fram og í nágrenni þeirra. Álagið felst í því að fóðurleifar og úrgangur frá eldinu mun auka næringarefnainnihald í sjónum, sem getur leitt af sér aukinn vöxt svifþörunga og rotnandi úrgangur sem fellur til botns eykur hættu á að súrefni þverri við hafsbotn og líf þar eyðist. Samkvæmt gögnum Arnarlax ehf. verður 75-100 m dýpi undir eldiskvíum og gert sé ráð fyrir að fóðurleifar dreifist með straumi tugi metra frá eldissvæði áður en þær botnfalli. Dregið verði úr álagi vegna ákomu fóðurleifa á hafsbotn með því að færa til kvíar innan eldissvæða (100–300 m).

Skipulagsstofnun telur fyrirbyggjandi upplýsingar benda til þess að á því tímabili sem lagskipting varir í Arnarfirði geti súrefnismettun við botn fallið að minnsta kosti niður í 65%, sem er nærri þeim mörkum sem talin eru óhagstæð fyrir fiskeldi, en að vetri sé sjór blandaður frá yfirborði til botns með að minnsta kosti 85% súrefnismettun. Þá telur Skipulagsstofnun að fallastraumur við botn upp á 4-7 cm/s (mælingar í Fossfirði) og straumpúlsar allt að 27 cm/s (mælingar sunnan Langaness) gefi til kynna að straumar við botn dugi til að dreifa uppleystum úrgangsefnum frá eldinu. Stofnunin

telur því að straumar muni nægja til að draga úr staðbundnum áhrifum á botndýralíf undir eldiskvíum, sem jafnframt verði afturkræf ef viðkomandi svæði fær fullnægjandi hvíld.

Arnarlax ehf. bendir á að tuttugu ár eru síðan LENKA viðtakamatið var sett fram og frá þeim tíma hafi endurbættar eldisaðferðir leitt til betri fóðurnýtingar og þar af leiðir minni losunar úrgangsefna frá fiskeldi. Því megi líta á að burðargeta Arnarfjarðar sé mun meiri en viðtakamatið gefi til kynna. Skipulagsstofnun telur að miðað við framfarir í eldismálum undanfarin ár séu meiri líkur til þess að mat á burðarþoli samkvæmt LENKA gefi varfærna niðurstöðu, en minni líkur séu til þess að burðarþol Arnarfjarðar sé ofmetið. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að fyrirhugað fiskeldi þurfi að vera í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun þó Skipulagsstofnun telji að líta beri á Arnarfjörð sem eitt þynningarsvæði. Skipulagsstofnun telur því að miða eigi við niðurstöður LENKA um burðargetu hafsvæða þegar veita á leyfi til fiskeldis, að teknu tilliti til annarrar mengandi starfsemi á sama svæði.

Fyrir liggur að Arnarlax ehf. hyggst ráðast í tilraunaeldi og umhverfisrannsóknir áður en undirbúningur að uppbyggingu eldisins hefst og það verði gert í samráði við yfirvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun leggur áherslu á og telur mikilvægt að Arnarlax ehf. tryggi að staðið sé að eldinu þannig að það hafi sem allra minnst neikvæð áhrif á umhverfi Arnarfjarðar og það verði innan þeirra marka sem burðargeta fjarðarins leyfir. Í þessu sambandi verður mikilvægt að gott samráð verði haft við Fiskistofu og Umhverfisstofnun og m.a. verði tryggt að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um vöktunaráætlun og skýrslugerð verði fylgt í hvívetna.

Samkvæmt gögnum Arnarlax ehf., auk annarrar vitneskju sem Skipulagsstofnun hefur um aðra starfsemi í Arnarfirði, er ljóst að þar hafa verið gefin út leyfi til margs konar starfsemi, sem sum hver getur valdið samlegðaráhrifum með fyrirhugaðri starfsemi Arnarlax ehf. og þá sérstaklega annað fiskeldi. Hins vegar fullyrðir Arnarlax ehf. að þrátt fyrir að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi gefið út starfsleyfi fyrir nokkur svæði til fiskeldis undir 200 tonnum í Arnarfirði, sé eldi ekki starfrækt í firðinum. Þá er Skipulagsstofnun kunnugt um að Fjarðarlax ehf. undirbýr það að fá leyfi fyrir 1.500 tonna framleiðslu á laxi í Arnarfirði, nánar tiltekið í Fossafirði.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þegar reynt er að varpa ljósi á möguleg sammögnunaráhrif af starfsemi Arnarlax ehf. og annarrar sambærilegrar starfsemi í Arnarfirði, að hafðar séu í huga fullyrðingar bæði Arnarlax ehf. og Fjarðarlax ehf. um að rekstur fyrirhugaðs eldis fyrirtækjanna byggji á því að fá „einkaleyfi“ á fiskeldi í firðinum. Því muni fyrirtækin ekki geta deilt firðinum með annarri eldisstarfsemi. Þar með talin er rekstur aðila sem nú þegar hafa fengið leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til laxeldis (framleiðsla undir 200 tonnum). Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun að erfitt sé að grundvalla ákvörðun stofnunarinnar á mögulegum sammögnunaráhrifum, þar sem allt bendir til að einungis Arnarlax ehf. eða Fjarðarlax ehf. hefji starfsemi í Arnarfirði og forsendur þess að svo verði er m.a. sú að annað fiskeldi minna að umfangi (minna en 200 tonn) verði ekki heldur starfrækt í firðinum.

Skipulagsstofnun telur þó ekki hægt að líta fram hjá því að kæmi til þess að fyrirtæki Fjarðalax ehf. og Arnarlax ehf. hæfu bæði fullan rekstur sinnar starfsemi, auk þeirra sem nú þegar hafa fengið leyfi til fiskeldis í firðinum, yrðu umtalsverðar líkur á því að

farið verði fram úr burðargetu svæðisins. Möguleg samlegðaráhrif tveggja stórra fiskeldisfyrirtækja í Arnarfirði gætu falist í áhrifum af auknu næringarefnaframboði í firðinum með tilheyrandi áhrifum á vistkerfi hans. Eins og fram kemur hér að framan er ljóst að staðbundin áhrif geta orðið á hafsbotni á fiskeldissvæðum og í næsta nágrenni þeirra. Þó ber að hafa í huga að reglur kveða á um að a.m.k. 2 km fjarlægð skuli vera á milli fiskeldisstöðva samkvæmt reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna og reglugerð nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar. Því er ólíklegt að uppsöfnun næringarefna á botni gæti átt sér stað vegna samlegðar frá mismunandi og aðskildum fiskeldisstöðvum. Hins vegar er augljóst að næringarefnabúskapur í vatnsbol Arnarfjarðar myndi að samanlögðu verða fyrir meiri neikvæðum áhrifum af rekstri tveggja stórra fiskeldisfyrirtækja en eins. Eðli samlegðarinnar myndi þó ráðast af endanlegri staðsetningu eldissvæða fyrirtækjanna og hve mikla framleiðslu þau fengju leyfi fyrir.

Ljóst er að miðað við forsendur Arnarlax ehf. um LENKA viðtakamat, munu Borgarfjörður og Suðurfirðir ekki bera meira en 3.500 tonna eldi. Nauðsynlegt er að hafa þessa stöðu í huga komi til leyfisveitinga fleiri en eins fiskeldis til viðbótar þeim sem fyrir eru. Skipulagsstofnun telur að komi slík staða upp þurfi við leyfisveitingar að tryggja að fyrirhuguð starfsemi verði byggð upp í áföngum og með hliðsjón af samlegðaráhrifum eldisins með annarri starfsemi á svæðinu. Leyfunum verði að fylgja vönduð vöktunaráætlun sem verði ítarlega framfylgt, samanber það sem hér kemur fram síðar um vöktun starfseminnar.

Umhverfisstofnun gerir sammögnunaráhrif af margvíslegri starfsemi í Arnarfirði að umtalsefni í umsögn sinni og telur nauðsynlegt að gerð verði heildstæð úttekt á álagi fjarðarins. Þá vísar Ísafjarðabæjar í umsögn sinni til þess að ekki liggi fyrir nýtingaráætlun Arnarfjarðar og því þurfi að meta umhverfisáhrif af fiskeldi Arnarlax ehf. Skipulagsstofnun er kunnugt um að unnið er að verkefninu „Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða“ þar sem fyrst um sinn er gerð áætlun fyrir Arnarfjörð. Skipulagsstofnun fagnar því að unnið sé að þessu þarfa verkefni. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að þar sem ekki liggur fyrir hvenær áætlunin verði tilbúin né hvaða stöðu hún muni hafa, geti stofnunin ekki tengt ákvörðun um matsskyldu við fyrirhugaða nýtingaráætlun. Augljóst er að í Arnarfirði á sér nú þegar stað nokkuð fjölbreytt nýting fjarðarins og enn frekari starfsemi er fyrirhuguð. Einungis lítill hluti þessarar starfsemi heyrir undir lög um mat á umhverfisáhrifum og rétt er að geta þess að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b., þar sem Skipulagsstofnun hefur heimild til þess að taka ákvörðun um að framkvæmdir á sama svæði skuli hlíta sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum, eiga eingöngu við um matsskyldar framkvæmdir. Því eru lög um mat á umhverfisáhrifum ekki rétta stjórnækið til þess að fá fram mat á getu Arnarfjarðar til þess að bera þá margvíslegu starfsemi sem þar er fyrir og áformuð er í náninni framtíð.

Að lokinni meðferð málsins, þar sem leitað var til umsagnaraðila og svara framkvæmdaraðila við umsögnum, telur Skipulagsstofnun ljóst að ekki er hægt að fullyrða af nákvæmni um hver verða áhrifin af fyrirhuguðu fiskeldi Arnarlax ehf. í Arnarfirði. Skipulagsstofnun getur tekið undir það sem fram kemur í umsögnum Umhverfisstofnunar og Erlu Bjarkar um að ákveðin óvissa sé fyrir hendi og spurðu þessir aðilar mikilvægra spurninga sem Arnarlax ehf. svarar að hluta, en vísar einnig

til að þess að frekari svör fáist ekki fyrr en að loknu tilraunaeldi og með vöktun eftir að fullur rekstur hefst. Skipulagsstofnun bendir á að fiskeldi í kvíum í sjó er þess eðlis að ekki er hægt að segja fyrir um öll umhverfisáhrif og í tilfalli Arnarlax ehf. þurfi að byggja fiskeldið upp í áföngum og nýta niðurstöður vöktunar við rekstur og tilhögun starfseminnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fyrirbyggt verði að eldiskiskur sleppi úr kvíum og einnig verði tryggt að botn undir eldiskvíum verði hvíldur, fylgst verði með þróun botndýralífs á eldissvæðum svo og dreifingu mengunar eftir dýpi út frá þeim. Gott samráð verði haft við Fiskistofu og Umhverfisstofnun um gerð og framkvæmd vöktunaráætlunar, sem m.a. taki á því hvað mælt verður, ásættanlegri tíðni vöktunar einstakra umhverfisþátta og reglulegum skilum á niðurstöðum vöktunar. Mikilvægt er að Arnarlax ehf. nýti niðurstöður vöktunar til að undirbyggja frekari áfangaskiptinu eldisins.

Skipulagsstofnun hefur í ákvörðun sinni haft til viðmiðunar atriði sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að helstu áhrif af fyrirhuguðu fiskeldi Arnarlax ehf. á umhverfi Arnarfjarðar felist í auknu framboði næringarefna og áhrifum þess á vistkerfi fjarðarins. Áhrifin munu fyrst og fremst verða á vistkerfi sjávarbotnsins, sem verði staðbundin og afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að miða eigi við niðurstöður LENKA um burðargetu hafsvæða þegar veita á leyfi til fiskeldis, að teknu tilliti til annarrar mengandi starfsemi á sama svæði. Mikilvægt sé að eldið verði byggt upp í áföngum á þann hátt sem Arnarlax ehf. kynnir framkvæmdina og í því sambandi telur Skipulagsstofnun mikilvægt að félagið hafi náði samráð við Fiskistofu og Umhverfisstofnun. Meðal annars verði tryggt að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um vöktun og skýrslugerð verði fylgt í hvívetna og niðurstöður vöktunar verði nýttar til ákvörðunar um frekari áfangaskiptinu eldisins, með hliðsjón af markmiðum um sjálfbæra þróun. Eins og Skipulagsstofnun hefur bent á í fyrri ákvörðunum um matsskyldu laxeldis í sjókvíum telur stofnunin mikilvægt að unnið sé að því að minnka óvissu um áhrif sleppilaxa á laxastofna í veiðiám landsins og telur að setja eigi skilyrði um örmerkingar á hluta seiða í sjókvíueldi til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Arnarlax ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Arnarlax ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað 3.000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum Arnarlax ehf. í Arnarfirði sé ekki líkleg til að hafa för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Fyrirhuguð eldissvæði verða utan netlaga og skipulag framkvæmdasvæðisins er því ekki fyrir hendi. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina eru bundin ákvæðum skipulagslaga nr.123/2010.

Skipulagsstofnun veur einni athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Arnarlax ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæða þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Arnarlax ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2011.

